

Alþingi
Eriundi nr. P 139/1865
Fimmtudagur 31.3.2011

Álit

um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun.

Frá Minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, þskj. 376, 310. mál. Telur minni hluti að ríkið eigi ekki að setja einstaklingum óþarfar og ómálefnalegar skorður og áréttar að hér er um að ræða sáran vanda fólks. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að fram fari mikil og fagleg vinna við frumvarpssmið um staðgöngumæðrun þar sem m.a. verði skoðuð ýmis siðferðileg, læknisfræðileg og lagaleg álitaeftni, auk annarra sem starfshópurinn telur þörf á skoða við vinnu sína. Þá er gert ráð fyrir því að leitað verði til sérfræðinga við vinnuna og skoðað hvaða reglur gilda um staðgöngumæðrun erlendis. Ljóst er því að þegar er gert ráð fyrir því í tillögunni að skoðuð verði þau álitamál sem meiri hlutinn telur þörf á að skoða vegna málsins. Áhersla er lögð á það í tillögunni að staðgöngumæðrun verði einungis leyfð í velgjörðaskyni og minni hluti telur að sé andstaða við málið byggð á hræðslu um að konur verði misnotaðar í þessu skyni eigi að mæta því með lögum sem fyrirbyggja slíkt. Minni hluti styður því framgang tillögunnar og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 24. mars 2010.

Pétur H. Blöndal.
Unnur Brá Konráðsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.